



Hljóðbækur sóttar á vef og skráðar í Gegni

Fræðslufundur 26. nóvember 2010

Hildur Gunnlaugsdóttir



Aðkoma skráningarráðs

- Vinnuhópur
 - Gunnhildur Loftsdóttir, Hildur Gunnlaugsdóttir, Magnhildur Magnúsdóttir, Sigríður Bjarnadóttir
- Viðfangsefni vinnuhópsins:
 - Að skoða skráningu á hljóðbókum sem teknar eru af vef, þ.e. eintök gerð með niðurhali af vef o.s.frv. Dæmi um svona efni eru hljóðbækur Hlusta.is
 - Að móta verklag um skráningu á þessu efni

Hlusta.is og Gegnir

- Í Gegni eru á annað hundrað færslur fyrir hljóðbækur með hlustunarefni sem söfn hafa hlaðið niður á diska (MP3 eða CD) af vefnum Hlusta.is
 - Diskunum má skipta í eftirfarandi tvo meginflokka
- 1) Ein saga á disk (t.d. Hækkandi stjarna)
 - Titill sóttur á vef Hlusta.is

Hlusta.is og Gegnir – frh.

2) Safndiskar (t.d. Þjóðsögur, Valin ljóð, Þýddar smásögur, Þýddar smásögur 2)

- Tilbúinn titill, settur fram án hornklofa í sviði 245, gjarnan valinn í samræmi við hvernig efnið er flokkað á vefnum
- Í sviði 505 eru taldir upp titlar einstakra verka, sóttir á vef Hlusta.is
- Gerð er leitarbær aukafærsla á titla einstakra verka í 740

Litlar upplýsingar frá útgefanda

- Á vefnum Hlusta.is eru upplýsingar um efnið, sem þar er birt, mjög takmarkaðar og mismiklar
- Ýmis grundvallaratriði eru þar ekki, t.d. hvenær efnið var birt á vefnum (einungis nýtt efni er dagsett), hvaða útgáfa verksins er lesin (t.d. Brennu-Njáls saga) o.s.frv.
- Upplýsingar um hlustunartíma birtast stundum og stundum ekki.

Vinsældir hljóðbóka

- Á almenningsbókasöfnum er mikil eftirspurn eftir hljóðbókum á íslensku
- Hefðbundin hljóðbókaútgáfa fullnægir ekki eftirspurninni
- Í Gegni eru t.d. skráðar 57 hljóðbækur gefnar út á Íslandi árið 2009



Vinsældir hljóðbóka – frh.

- Liður í þjónustu við notendur er að auðvelda aðgang að hljóðbókum sem eru birtar á vef
- Heimagerðum diskum með niðurrhali af Hlusta.is er ætlað að mæta þessum þörfum að einhverju leyti
- Í Gegni eru skráðar 60 hljóðbækur sem hefur verið hlaðið niður af Hlusta.is árið 2009



Notkun safna á áskriftum að Hlusta.is

- Notkun mun að mestu þannig að hvert safn hleður efni á diska til útláns
- Umbúðir um diskana eru gerðar á söfnunum
- Einhver söfn (t.d. Akranes og Seltjarnarnes) nota einnig lykilorð til að bjóða opinn aðgang að Hlusta.is á tölvum safnsins
- Ekki er vitað til að boðið sé upp á að notendur hlaði sjálfir niður efni á safni
- Áhugi á hljóðbókum með efni frá Hlusta.is mun einkum vera meðal roskinna safngesta

Hvernig er efni valið á diskana?

- Diskar eru ekki framleiddir í söfnunum samkvæmt óskum safngesta / notenda
- Bókasafnsfræðingar safnanna velja efnið, hvernig svo sem raðað er á diskana, þ.e.
 - Einn diskur fyrir eitt verk (Hækkandi stjarna)
 - Tveir diskar fyrir eitt verk (Brennu-Njáls saga)
 - Verkum safnað saman á disk með tilbúnum titli (Þýddar smásögur 2)

Reynslusögur

- Þegar eitthvert safn hefur valið efni á disk og stofnað færslu í Gegni er reynslan sú að önnur söfn búa til sams konar diska og tengja við færsluna
- Þá getur hent sig að til að fullnýta diskinn bæti eitthvert safnið við á sinn disk efni sem ekki kemur fram í skráningarfærslunni
 - Í þeim tilvikum stendur færslan óbreytt – en umrædd eintök innihalda meira efni.
 - Annar kostur er að búa til nýja færslu fyrir eintak sem inniheldur meira efni – sama upptakan verður þá skráð á fleiri en einum safndiski

Niðurstaða vinnuhópsins

- Vinnuhópurinn leggur til að heimagerðar hljóðbækur með efni af vefnum Hlusta.is og öðrum sambærilegum vefjum verði skráðar eins og aðrar hljóðbækur
- Ekki er um rafrænan aðgang að ræða án lykilorðs og þess vegna á ekki við að skrá vefslóð í 856
- Heimildir lýsingar eru upplýsingar af vefnum eftir því sem þær hrökkva til og þess getið í athugasemd hvenær upplýsingarnar eru teknar af vefsíðunni
- Söfn sem nota lykilorð til að veita gestum aðgang að vefnum Hlusta.is á staðnum geta búið til forðafærslu til að gefa það til kynna

Dæmi

Eintök	Smelltu hér til að sjá hvaða bókasöfn eiga eintök
Höfundur	Jón Trausti 1873-1918 (Guðmundur Magnússon)
Titill	Hækkandi stjarna [hljóðbók] / Jón Trausti ; Ingólfur B. Kristjánsson les.
Staður Forlag Ár	Reykjavík : Hlusta.is, [2009?].
Lýsing	1 geisladiskur (3 klst. og 3 mín.).
Athugasemd	Uppl. af vefsíðu (16. mars 2009)
Efni	Hljóðbækur Íslenskar bókmenntir Skáldsögur
Aukafærsla	Ingólfur B. Kristjánsson 1957
Forði	Bókasafn Akraness - Opinn aðgangur á tölvum safnsins

